

Ráðhús Reykjavíkur - borgarráð

Ráðhús Reykjavíkur
101 REYKJAVÍK

Aframhaldandi samstarfssamningur við Kling og Bang

Á fundi menningar-, íþróttar- og tómstundaráðs þann 9. nóvember sl. var lagður fram til samþykktar hjálagður samstarfssamningur við Kling og Bang 2021-2023.

Samningurinn var samþykktur og er hér með vísað til borgarráðs.

Einnig er hjálagður ársreikningur Kling og Bang fyrir árið 2019 ásamt ársskýrslu 2019.

Arna Schram
Sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs

Hjálagt:
Samstarfssamningur við Kling og Bang 2021-2023
Ársreikningur Kling og Bang 2019
Ársskýrsla Kling og Bang 2019

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkur f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og Kling og Bang Gallerí ehf, kt. 560104-3160 gera með sér svofelldan:

SAMSTARFSSAMNING

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Kling og Bang Gallerí ehf
á tímabilinu 1. janúar 2021 til 31. desember 2023.

1. gr. Markmið Reykjavíkurborgar

Meginmarkmið með samningi þessum er að styðja við myndlistarlíf í Reykjavíkurborg, efla vitund almennings um íslenska samtímalist og efla kynningu á henni erlendis með því að styðja við rekstur á framsæknu galleríi, Kling&Bang í Marshallhúsi, og starfsemi á þess vegum innan lands og utan.

2. gr. Markmið Kling og Bang Gallerí ehf

Markmið Kling og Bang Gallerí ehf er að halda áfram því mikilvæga menningarstarfi sem byggt hefur verið upp innan Kling og Bang Gallerí ehf með sýningahaldi og öflugri fræðslu- og viðburðardagskrá. Kling og Bang Gallerí ehf í Marshall húsinu verði sem fyrr vettvangur framsækinna sýninga, lifandi samastaður myndlistarmanna og listunnenda, vettvangur nýútskrifaðra listamanna og lengra kominna erlendra og innlendra listamanna. Kostur gefst á að vera í beinu samtali inn á alþjóðlegan vettvang myndlistarinnar, sem nýst getur íslenskum listamönnum á ýmsan hátt.

Markmið Kling og Bang Gallerí ehf eru nú sem fyrr að:

- koma á framfæri upprennandi listamönnum sem starfa innanlands eða á erlendum vettvangi í bland við alþjóðlega velþekkta samtímalistamenn
- skapa faglegt, fræðandi, krefjandi og metnaðarfullt umhverfi fyrir listamenn á Íslandi
- auka fjölbreyttari möguleika til sýningarhalds í Reykjavík
- opna vettvang fyrir skapandi skoðanaskipti innan myndlistarinnar
- skrásetja myndlistarsögu Reykjavíkurborgar með vönduðum sýningaskráum sýninga í Kling&Bang
- eiga í samstarfi við erlenda sýningarstjóra og gallerí til að eiga greiðari aðgang erlendum að myndlistarmönnum
- kynna íslenska myndlistarmenn erlendis.

3. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum leggur Reykjavíkurborg Kling og Bang Gallerí ehf til í beinum fjárframlögum kr. 8,500,000 á ári 2021, 2022 og 2023.

Greiðsla framlags skiptist þannig árlega:

kr. 2.500,000 1. - 3. mars,

kr. 2.000,000 1. – 3. september,

kr. 2.000,000 1. - 3. júní

kr. 2.000,000 1. - 3. desember.

Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning 0111-26-3160.

Framlög Reykjavíkurborgar vegna ára 2022 og 2023 er með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar þeirra ára. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun starfseminnar að breyttri fjárveitingu.

4. gr. Forsaga Kling og Bang Gallerí ehf og Marshallhúsið

Kling og Bang Gallerí ehf var stofnað árið 2003 sem vettvangur fyrir unga listamenn til að stíga sín fyrstu skref í sýningarhaldi enn nú hafa allar kynslóðir listamanna hafa sýnt og starfað í galleríinu. Galleríið hefur einnig sýnt og tekið þátt í margvíslegum verkefnum erlendis á virtum sýningarstöðum. Kling og Bang Gallerí ehf hefur í gegnum árin myndað þétt tengslanet listamanna og annarra aðila í listheiminum sem starfsemin býr nú að. Galleríið hefur tekið á móti fjölda erlendra og innlendra gesta auk þess að veita skólahópum á öllum skólastigum leiðsögn.

Markmiðið með flutningi Kling og Bang Gallerí ehf í Marshallhúsið var að húsið yrði einn helsti vettvangur og miðstöð samtímalistar á Íslandi þar sem vegur listamannarekinna rýma myndi eflast og aukast. Hið leigða er samtals um 362,2 m² á 3. hæð fasteignarinnar að Grandagarði 20, 101 Reykjavík. Í húsinu er auk aðseturs Kling og Bang Gallerí ehf, Nýlistasafnið ásamt vinnustofu og sýningarrými Ólafs Elíassonar. Kling og Bang Gallerí ehf er með sérstakan leigusamning við eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar.

5. gr. Kynningarmál

Á öllu kynningarefni Kling og Bang Gallerí ehf jafnt innanlands sem utan skal koma fram að það sé styrkt af Reykjavíkurborg og birtir félagið merki Reykjavíkurborgar í því skyni. Samstarf verði við Höfuðborgarstofu um kynningu á Reykjavík þegar það á við til að kynna sem best Reykjavík sem áfangastað. Tengja má þá ferðavefsvæði Reykjavíkurborgar www.visitreykjavik.is við vefi gallerísins.

6. gr. Ábyrgð

Kling og Bang Gallerí ehf ber ábyrgð á starfsemi gallerísins, fagmennsku þess og gæðum. Kling og Bang Gallerí ehf ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á vegum félagsins stofna til í tengslum við þennan samning. Kling og Bang Gallerí ehf er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

7. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningamála á Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Kling og Bang Gallerí ehf. Samráðsfundir aðila samningsins skulu haldnir í september ár hvert 2021, 2022 og 2023, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og tillögur Kling og Bang Gallerí ehf að áherslum gallerísins fyrir komandi starfsár. Skrifstofustjóri menningarmála boðar til fundanna. Kling og Bang Gallerí ehf skilar þá ársreikningi fyrra árs, áætlun um rekstur og starfsemi yfirstandandi árs og áætlun um starfsemi komandi árs.

8. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Kling og Bang Gallerí ehf hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að

[Sláðu inn hér]

endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er heimilt að fella niður greiðslur þar til félagið hefur sýnt fram á að það muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum áskilur hún sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að öllu eða að einhverju leyti eða rifta samningnum.

9. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2021 er samþykkt var í borgarstjórn XXXXXXX 2020. Samningurinn gildir til 31. des. 2023. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

10. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er gerður með fyrirvara um staðfestingu borgarráðs. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík, XXXXXX 2020

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Kling og Bang Gallerí ehf

Vottar að réttri dagsetningu og undirskrift:

[Sláðu inn hér]

Áritun og undirritun stjórnar

Kling og Bang Gallerí ehf

Ársreikning þennar hefur verið gerður og er hann sáttur og sannaður. Ég hef samþykkt eftir þeim upplýsingum og gögnum sem mér hefur borist frá félaginu.

Ég hef stemmt af alla banka og skuldbindingar félagsins og sannað sinni. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning félagsins fyrir árið 2019 og sundurliðanir.

Grandagarði 20

KT: 560104-3160

Ásbók Ólaf Kolbeinsdóttir

Stjórn félagsins og skoðunarmaður staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Áritun stjórnar:

Daniel Björnsson

Áritun skoðunarmanns:

Gríthinn Magnússon

Ölfur Magnússon

F.H. Heklin D. Jónsdóttir

Emilía Þ. Katrínsson

Örninn Magnússon

Jónína Magnúsdóttir

ÁRSREIKNINGUR 2019

Áritun og undirritun stjórnar

Ársreikning þennan fyrir Kling og Bang Gallerí ehf, fyrir árið 2019
hef ég samið eftir þeim upplýsingum og gögnum sem mér hefur borist frá félaginu.

Ég hef stemmt af alla bankareikninga og yfirfarið bókhaldið í heild sinni. Ársreikningurinn
hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning með stöðu þann 31.12.2019 og
sundurliðanir.

Hafnarfjörður 8. júní 2020
Ásbók bókhald slf.

Áslaug Ólöf Kolbeinsdóttir

Stjórn félagsins og skoðunarmaður staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2019
með undirritun sinni.

Áritun stjórnar :

DB F.H. Daniel Björnsson
DB F.H. Gisliinn Magnúsd
DB F.H. Júlíus Eiríksson
DB F.H. Heklin D. Jónsdóttir
EMILIA P.V. KATZENBERG
Birna Sigurinn Sigurð
Júliana Jónsdóttir
Elisabetta Björnsdóttir

Áritun skoðunarmanns:

Kling og Bang Gallerí ehf

Rekstrarreikningur 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrartekjur			
Sýningar	(1)	2.138.374	1.634.254
Framlög og styrkir	(2)	16.975.919	14.273.666
Aðrar tekjur	(3)	64.996	331.884
Rekstrartekjur samtals		19.179.289	16.239.804
Rekstrargjöld			
Vinna við sýningar	(4)	(5.905.729)	(4.290.551)
Annar rekstrarkostnaður	(5)	(12.422.316)	(10.871.135)
Rekstrargjöld samtals		(18.328.045)	(15.161.686)
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		851.244	1.078.118
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur verðbætur	(6)	46.586	42.458
Vaxtagjöld og verðbætur	(7)	(35.327)	(59.301)
Gengismunur	(8)	2.716	(327.263)
		13.975	(344.106)
Afkoma fyrir tekjuskatt		865.219	734.012
Tekjuskattur		(173.044)	(143.471)
Hagnaður (tap) ársins		692.175	590.541

Efnahagsreikningur

Eignir	Skýr.	31.12.2019	31.12.2018
Veltufjármunir			
Skammtímakröfur	(9)	10.110	111.486
Handbært fé	(10)	7.730.018	6.786.546
Veltufjármunir alls		<u>7.740.128</u>	<u>6.898.032</u>
 Eignir samtals		 <u>7.740.128</u>	 <u>6.898.032</u>

31. desember 2019

Eigið fé og skuldir	Skýr.	31.12.2019	31.12.2018
Eigið fé			
Hlutfé		500.000	500.000
Lögbundin varasjóður		125.000	125.000
Óráðstafað eigið fé 01.01.		6.118.041	6.118.041
Hagnaður (tap) ársins		692.175	0
Eigið fé alls		<u>7.435.216</u>	<u>6.743.041</u>
 Skammtímaskuldir			
Skammtímaskuldir	(11)	304.912	154.991
Skammtímaskuldir alls		<u>304.912</u>	<u>154.991</u>
 Eigið fé og skuldir		 <u>7.740.128</u>	 <u>6.898.032</u>

Sundurliðanir

Skýr.	2019	2018
1. Sýningar		
Sýningarsala	1.855.054	1.169.769
Borgun	283.320	464.485
Sýningar alls	2.138.374	1.634.254
2. Framlög og styrkir		
Reykjavíkurborg	8.500.000	8.500.000
Ríkissjóður Íslands	1.980.000	2.500.000
Thyssen-bornemisza art contemporary	6.495.919	3.273.666
Framlög og styrkir alls	16.975.919	14.273.666
3. Aðrar tekjur		
Leiðsögn	0	107.646
Styrkir	24.996	220.830
Aðrar tekjur	40.000	3.408
Aðrar tekjur alls	64.996	331.884
4. Vinna við sýningar		
Undirbúningur sýningar verktakar	2.097.227	774.231
Ýmislegt vegna sýninga	3.808.502	3.516.320
Vinna við sýningar alls	5.905.729	4.290.551
5. Annar rekstrarkostnaður		
Húsnæðiskostnaður		
Rafmagn	130.291	-7.098
Rekstur sameignar	979.875	1.036.255
Stærri sorpeyðsla/flutningabílar	7.176	57.700
Húsaleiga	7.548.586	7.313.812
Viðhald húsnæðis	7.730	0
Hreinlætisvörur og ræsting	1.457	0
Öryggisgæsla	0	147.821
Vátryggingar	0	256.842
	8.675.115	8.805.332
Rekstur áhalda og tækja		
Gjaldfærð áhöld og tæki	134.483	1.236.219
Viðhald áhalda og tækja	56.504	0
Tækjaleiga	0	-57.200
	190.987	1.179.019

Skrifstofukostnaður

Sími	131.040	115.420
Vefsíða	1.794.808	0
Rekstur tölvukerfis	2.015	0
Burðargjöld	27.846	32.474
Kaffiskostnaður	191.393	370.264
Innlendar bækur, blöð og tímarit	0	1.995
Pappír, prentun og ritföng	30.512	27.076
	<u>2.177.614</u>	<u>547.229</u>

Stjórnun og umsýsla

Endurskoðun og reikningsskil	248.000	44.640
Funda og viðskiptakostnaður	271.207	0
Ferðakostnaður	0	11.035
Aðkeypt vinna	841.893	184.400
Auglýsingar	0	82.380
Útvarpsgjald	17.500	17.100
	<u>1.378.600</u>	<u>339.555</u>

Annar rekstrarkostnaður alls

	<u>12.422.316</u>	<u>10.871.135</u>
--	-------------------	-------------------

6. Vaxtatekjur og verðbætur

Vaxtatekjur	-46.586	-42.458
Vaxtatekjur og verðbætur alls	(46.586)	(42.458)

7. Vaxtagjöld

Vaxtagjöld og verðbætur	0	0
Bankakostnaður, þjónustugjöld	35.327	57.450
Dráttarvextir	0	1.851
Vaxtagjöld alls	35.327	59.301

8. Gengismunur

Gengismunur	-2.716	327.263
Vaxtatekjur og verðbætur alls	(2.716)	327.263

9. Skammtímakröfur

Fjármagnstekjuskattur afdreginn	10.110	102.476
		9.010
Handbært fé alls	10.110	111.486

10. Handbært fé

Aðalreikningur	402.006	4.434.940
Bókin	1.538.709	1.512.077
Video-arkiv	398.356	397.916
Kjörbókin	4.946.618	
Erlend mynt	444.329	441.613
Handbært fé alls	7.730.018	6.786.546

11. Skammtímaskuldir

Lánadrottinnar	-51.121	0
Visa ***4581	-14.747	-11.520
Ógreiddir reikningar	-66.000	0
Reiknaðir skattar ársins	-173.044	-143.471
Skammtímaskuldir alls	(304.912)	(154.991)

Ársskýrsla Kling & Bang 2019

Kling & Bang Gallerí ehf. er listamannrekið sýningarrými sem starfrækt hefur verið síðan 2003. Markmið félagsins er að annast listastarfsemi í víðum skilningi, reka sýningarrými og annast rekstur húsnæðis.

SÝNINGAR ÁRIÐ 2019

Árið 2019 fóru fram átta myndlistarsýningar og fjöldi viðburða eins og bíókvöld og útgáfuteiti.

Sigurður Ámundason var tilnefndur til hvatningaverðlaun Myndlistarsjóðs fyrir sýningu sína í Kling & Bang.

TÆKJA- og SÝNINGABÚNAÐUR

Galleríið er núorðið vel útbúið af góðum tækjum og var því ekki mikið um fjárfestingar á árinu. Galleríið keypti nokkra nýja mediaspilara auk þess þurfti að gera við varpann góða, t.d. var sett ný pera í hann.

Búið er að vinna áfram að söfnun gagna og gerð nýrrar heimasíðu og er það von okkar að gera hana opinbera von bráðar.

INNRI STARFSEMI

Starfssemin hélt áfram að vaxa og dafna á árinu. Yfirseta skipar þar stærstan sess og er 33 klukkustundir á viku. Þessum tíma skipta meðlimir Kling & Bang til helminga á móti þeim listamönnum sem í galleríinu sýna. Kling & Bang hefur einn fulltrúa í Rekstrarfélagi Marshallhússins sem snýr að rekstri sameignar hússins. Elísabet Brynhildardóttir og Erling Klingenberg skiptu með sér stöðu umsjónarmanns gallerísins í 50% starfi sem heldur utanum daglegan rekstur Kling & Bang. Gestakomur í safnið voru um 8400. 12 skólahópar heimsóttu galleríið eða 315 nemendur, en árið 2018 heimsóttu 18 hópar galleríið.

Ólaunuð vinna stjórnar námu kr. 4.200.000 vegna ársins 2019. Ólaunuð vinna stjórnar var 260 vinnustundir á mann (5 manna stjórn) árið 2019. Framlag starfsnema á árinu var ómetanlegt en fjórir starfsnemar í gegnum Erasmus+ starfsnemakerfið komu til liðs við Kling & Bang á árinu og lögðu til alls 864 klst. Unnu þeir að margvíslegum verkefnum eins og að skipuleggja arkíf gallerísins og gera starfræn afrit vídeóverka úr vídeó-arkífi Kling & Bang: *The Confected Video Archive of Kling & Bang* sem telur yfir 300 vídeó.

FJÁRMÁL

Kostnaður við húsfélagið en enn þá hærri en áætlað var upprunalega og útlit fyrir að haldist áfram í 75.000 kr mánaðarlega. Upprunalega átti gjaldið að vera 35.000 kr á mánuði en hækkaði fljótt upp í 75.000 kr. Árlega þýðir þetta kostnaðaraukning upp á 480.000 kr.

Eins hefur tenging húsaleigu við vísitölu neysluverðs hækkað húsaleigu okkar úr 619.143 á mánuði árið 2018 í 631.812 kr á mánuði 2019 eða hækkun uppá 234.774 kr á einu ári (við upphaf leigusamnings við Reykjavíkurborg var leigan 594.000)

Ásamt styrki frá Reykjavíkurborg nýtur Kling & Bang góðs af styrkjum vegna sýningarhalds frá Thyssen Bornemisza Art Contemporary í Víðarborg og hlaut styrki frá Myndlistarsjóði fyrir sérstökum sýningarverkefnum. Eins fékk félagið styrk frá Mennta- og Menningarmálaráðuneytinu fyrir vinnu að nýrri heimasíðu.

Sala verka var ágæt á árinu 2019 og tekur Kling & Bang 25% þóknun af sölu listaverka.